



Sundfélagið Óðinn Akureyri

Akureyri 5. nóvember 2020

Aðkallandi verkefni í æfingar- og keppnislaug Sundlaugar Akureyrar

Góðan dag.

Stjórn sundfélagsins Óðins vill koma á framfæri óskum um nokkur atriði sem þarf að laga fyrir Aldursflokka meistaramót Íslands, AMÍ, sem haldið verður dagana 24.-27. júní 2021 á Akureyri. Þetta er stærsta sundmót sem haldið er á landsvísu og líkur sundárinu með þessu móti ár hvert. Við í Óðni erum svo heppin að fá að halda þetta mót reglulega og hefur það mikið gildi fyrir sundiþróttina á Akureyri.

Sundlaugin okkar er frábær og margt jákvætt við að halda sumarmót í henni þar sem aðeins er um útilaug að ræða. Það eru nokkur atriði sem þarf samt að kippa í liðinn fyrir þetta mót og tel ég þau upp hér að neðan.

- Línur í botni laugarinnar eru orðnar mjög daufar og þær þarf að skerpa svo þær sjáist en það er erfitt að greina þær sérstaklega í mikilli birtu og sól. Við viljum benda á að það getur verið ráðlegt að nota tímann núna meðan laugin er lokuð til að laga þessar línur.
- Startpallar eru komnir til ára sinna og í einhverjum tilfellum hættulegir. Þeir bjóða ekki upp á baksundsstart eins og í öðrum keppnislaugum hér á landi. Þessa umræðu höfum við tekið áður með fasteignum Akureyrarbæjar og þá var hugmynd að fá notaða palla frá SH í Hafnarfirði en ekkert varð af því og nú eru þeir allir farnir annað. Það er því ekki annað í stöðunni en að fá nýja palla sem leysa þetta vandamál fyrir sundiðkendur.
- Línur sem aðgreina brautir í lauginni eru sumar hverjar orðnar lélegar og farið að brotna út úr þeim og einnig eru þær ekki í réttum litum samkvæmt SSÍ. Þær sem eru minnst notaðar og eru teknar upp á mótum eru mögulega í lagi en þær sem eru alltaf í lauginni eru komnar á tíma.
- Áhorfendasvæði er stórt vandamál. Við höfum áður fengið palla lánaða hjá Bílklúbb Akureyrar sem áður voru í íþróttahöllinni en síðast var sagt að þeir yrðu ekki færðir frammar. Það hefur það í för með sér að enga áhorfendapalla er að fá á bakka laugarinnar sem er ekki viðunandi þegar stórmót eru í lauginni. Á þessu þarf að finna lausn svo hægt sé að koma áhorfendum og keppnisliðum fyrir á meðan mótið stendur.

Þetta eru þau verkefni sem huga þarf að fyrir júní á næsta ári. Við vitum að sumt af þessu eru nokkuð stórir póstar en ekkert af þessu ætti að koma á óvart og því gullið tækifæri að koma þessu í lag fyrir þetta mikilvæga mót í sumar.

Með kveðju,

F.h. Sundfélagsins Óðins

Finnur Víkingsson
Varaformaður